

AUGLÝSING

um breytingu varðandi loftflutningasamning Íslands og Bandaríkjanna.

Með orðsendingaskiptum í Washington milli sendiráðs Íslands og bandaríska utanríkisráðuneytisins var hinn 17. ágúst 1978 gengið frá samkomulagi um breytingu á viðbæti við loftflutningasamning milli Íslands og Bandaríkja Ameríku frá 27. janúar 1945 (Samningar Íslands við erlend ríki II nr. 142).

Orðsendingaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. október 1978.

Benedikt Gröndal.

Henrik Sv. Björnsson.

Fylgiskjal.

a. Orðsending bandaríska
utanríkisráðuneytisins
til sendiráðs Íslands.

Utanríkisráðuneytið vísar til orðsendingar sendiráðs Íslands frá 16. desember 1977 og til loftflutningasamningsins milli Bandaríkjanna og Íslands frá 27. janúar 1945 með tillögu um breytingu á viðbætinum við þann samning þannig að annaðhvort Los Angeles eða Baltimore verði bætt við leiðir sem heimilaðar eru fyrir flugfélög Íslands.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur athugað beiðni þessa og er reiðubúin að breyta leiðarlýsingunni fyrir flugfélög Íslands í viðbætinum við loftflutningasamninginn svo að orðalag verði sem hér segir:

„Ísland til New York, Chicago og Baltimore með viðkomustöðum, í báðar áttir.“

a. The Department of State
to the Embassy of Iceland.

The Department of State refers to the Embassy of Iceland's note of December 16, 1977 and to the United States-Iceland Air Transport Services Agreement of January 27, 1945 proposing an amendment of the Annex to that Agreement to add either Los Angeles or Baltimore to the route authorized for airlines of Iceland.

The United States Government has considered this request and is prepared to amend the route description for Iceland's airlines contained in the Annex to the Air Transport Agreement to read as follows:

“Iceland to New York, Chicago, and Baltimore via intermediate points: in both directions.”

Ef ríkisstjórn Íslands fellst á tillögu þessa mun staðfesting á því í svari sendiráðsins stofna til samkomulags um breytingu á viðbætinum við loftflutninga-samninginn eins og að framan greinir.

Utanríkisráðuneytið,
Washington, 17. ágúst 1978.

**b. Svar sendiráðs Íslands
til bandaríska utanríkis-
ráðuneytisins.**

Sendiráð Íslands vísar til orðsendingar utanríkisráðuneytisins frá 17. ágúst 1978 sem hljóðar þannig:

[Sjá orðsendingu]

Ríkisstjórn Íslands samþykkir þessa breytingu og mun líta svo á að orðsending utanríkisráðuneytisins og þessi svar-orðsending stofni til samkomulags um breytingu á viðbætinum við loftflutninga-samninginn eins og að framan greinir.

Washington, D.C., 17. ágúst 1978.

If this proposal is acceptable to the Government of Iceland, the Embassy's affirmative reply to that effect will constitute an Agreement amending the Annex to the Air Transport Agreement as outlined above.

Department of State,
Washington, August 17, 1978.

**b. Reply from the Embassy of
Iceland to the Department
of State.**

The Embassy of Iceland refers to the Department's Note of 17 August 1978, which reads as follows:

[See Note]

The Government of Iceland concurs with this amendment and will consider that the Department's Note and this reply will constitute an agreement amending the Annex to the Air Transport Agreement as outlined above.

Washington, D.C., 17 August 1978.

AUGLÝSING

**um samkomulag milli ríkisstjórna Norðurlanda og ríkisstjórnar Tanzaníu
um aðstoð við Uyole-landbúnaðarstöðina í Mbeya.**

Hinn 16. október 1978 var gert í Dar es Salaam samkomulag milli ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar og ríkisstjórnar Tanzaníu um aðstoð við Uyole-landbúnaðarstöðina í Mbeya.

Samkomulagið tók gildi sama dag, sbr. nánar IX. grein.

Samkomulagið ásamt þremur viðaukum er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. október 1978.

Benedikt Gröndal.

Henrik Sv. Björnsson.